

RENNSLI HJÁ RAFSTÖÐVUM

Tillögur um skýrslusöfnun
og úrvinnslu þeirra.

Rennsli hjá rafstöðvum
Tillögur um skýrslusöfnun og
úrvinnsla þeirra

Vhm. 001 Elliðaár: Skýrslur berast reglulega fyrir hvern mánuð og eru komnar hingað áður en 10 dagar eru af þeim næstu.

Skýrslurnar eru útreiknaðar:

1) Framhjárennsli	10 ⁶ m ³
2) Notað vatn	10 ⁶ m ³
3a) Rennsli alls	10 ⁶ m ³
3b) " "	kl/s

Vatnsforði frá fyrra mánuði er færður á skýrsluna sömuleiðis vatnsforði í lok mánaðar í Gl. Heildar úrkoma við Elliðaárstöð í mm

Vhm. 002 Sog,
Ljósafoss: Skýrslur berast reglulega og reiknaðar út, sjá Elliðaár.

Sogið hefur verið reiknað út í Skýrsluvélum yfir tímabilið 1939/40 - 57/58, og vatnsárin 58/59 og 59/60 eru þegar farin til Skýrsluvéla (í götun)

Með vatnsárinu 1960/61 eru þáttaskipti, hvað viðkemur útreikningum á rennsli Sogsins, því að þá hefst miðlun í Þingvallavatni.

Vatnamælingar hafa rætt þetta við verkfr. Ingólf Ágústsson. Ingólfi var þetta ljóst og sér um, að hæð Þingvallavatns sé lesin daglega.

Það verður því auðvelt að reikna út aðrennslið. En það er einmitt aðrennslið, sem skiptir máli, t.d. í samkeyrslu útreikningum o.s.fr.

Steingrímur Jónsson f.v. rafmagnsstjóri hefur ákveðið, að miðlun skuli reiknuð frá hæðinni 100,50 m y.s. Hæsta getur orðið 103 m y.s. þ.e.a.s. sveiflan 2,5 m.

- Vhm. 003 Glerá: Engin varzla, engar mælingar.
- Vhm. 004 Fjarðará: Engar skýrslur berast.
- Vhm. 005 Gönguskarösa: Engar skýrslur berast.
- Vhm. 008 Fljótaá: Mánaðaskýrslur berast reglubundið. Eru útreiknaðar. Dagleg staða í uppistöðu, svo að aðrennsli er fundið auðveldlega.
- Vhm. 011 Fossá, Hólshreppi: Engar rennsliskýrslur berast.
- Vhm. 013 Fossá, Ólafsvík: Mánaðarskýrsla og línurit úr síritara framhjárrennslis berast mánaðarlega. Í mánaðarskýrsluna er fært dagleg orkuframleiðsla; notaða vatnið reiknað út hjá Vatnamælingum. Blað síritarans er oft í slæmu ástandi og liggur ekki beint við úrvinnslu.
- Vhm. 015 Mývatn: Ákvæða þarf, hve langt niður má fara með vatnsborðið, svo að álestur gefi miðlun,
- Vhm. 018 Mjólka: Skýrslur hafa borizt fram til septemberloka, samanber það, sem fram kom á fundi með Skúla og Guðjóni fyrir hálfum mán. Engin gögn hafa borizt síðan.
- Vhm. 024 Grímsá: Skýrslur berast mánaðarlega, útreiknaðar, í ágætu lagi.
- Vhm. 029 Andakílsá: Skýrslur berast mánaðarlega, útreiknaðar⁰⁹ eru í ágætu lagi. Vatnshæð Skorradalsvatns er að vísu ekki athuguð daglega. Venjulegá nál. 7-10 sinnum í mánuði. Daglega, þegar vænta má snöggra vatnsborðsbreytinga. Aðrennslið verður reiknað út með samilegri nákvæmni.

- Vhm. 032 Laxá: Skýrslur berast mánaðarlega, en það þarf að leiðrétta þær vegna röskunar, sem átti sér stað hjá mæliþró.
- Jón Haraldsson stöðvarstjóri hefur gert nokkra samanburðarálestra, F.M. Birningsstaðasög - mæliþró. Fullnaðarsamanburði væntanlega lokið bráðlega.
- Vhm. 36 Efri-Laxá: Síritarablöð berast reglubundið frá Efri-Laxá og ótvíræð til úrvinnslu.
- Hæð Svínavatns lesin óreglulega, 2-5 sinnum í mánuði. Nauðsyn er á tíðari álestrum, eða þá síritandi vatnshæðarmæli, ef unnt á að vera að reikna aðrennslið nákvæmlega.
- Vhm. 39 Heiðavatn: Á Neðri-Staf, Seyðisfirði er mælistífla og síritari, sem ætlast er til, að sýni rennslið af Fjarðarheiði.
- En til þess að Neðri-Stafs mælistöðin nái tilgangi sínum, þurfa vatnamælingar að fá vitneskju um miðlun á Fjarðarheiði í Heiðarvatni.
- Rekstrardeild hefur tekið að sér að sjá um, að mæliskýrslur Heiðarvatns berist Vatnamælingum.
- Vhm. 53 Þverá, Steingr.f.: Síritarablöð vatnshæðar berast reglubundið í lok hvers mánaðar.
- Notað vatn reiknað út. Frágangur skýrslna og mælingar allar með ágætum.

Töluvert verk er að halda fullri reiðu á rennsli hjá öllum rafstöðvunum. Og það þekst ekki, nema náið samstarf og gagkvæmur skilningur ríki á milli rekstrarstjórna virkjananna og vatnamælinganna. Í samráði við rekstrarstjórirnar vinna vatnamælingar að uppsetningu mæla, útbúa töflur og línurit, sem varða úrvinnslu o.s.frv. Gæta verður þrifnaðar og reglu um daglega skráningu, svo að frumgögn verði greið og örugg til úrvinnslu.

Vatnamælingum er ljóst mikilvægi þessa þáttar, um skráningu vatnsrennslis á Íslandi, og finnur til ríkrar ábyrgðarskyldu, um, að veltakist.

Víðast hvar hefur verið sigrast á verstu byrjunarörðugleikunum, er aðeins herzlumunurinn eftir til að koma á fullri reglu.

Það er tillaga vatnamælinga að ráða Þórð Sigfússon frá Geirlandi nú um 3-4 mánaða tíma til aðstoðar við úrvinnslu gagna og koma skráningunni í fastar skorður í rafstöðvunum. Þá setti að takast að koma þessu á fast form til frambúðar, og það án þess að önnur starfsemi vatnamælinga líði við, meðan unnið er að því.

Skráning rennslis hjá rafstöðvum hvílir því aðeins á traustum grunni, að rafstöðvarstjórum sé ljóst, að skráning á rennslinu er ekki persónuleg greiðasemi í minn garð, heldur skylda, sem stjórn raforkumála, húsbændur þeirra, ætlast til að þeir ynni af höndum.

Endanleg úrvinnsla fer svo fram í Skýrsluvélum. Þær verða mataðar með:

- 1) Notað vatn G1/24 klst.
- 2) Framhjärennslí G1/24 klst.
- 3) Staða miðlunarlóna.

Þá fást töflur um daglegt vatn, vatnsforða, aðrennslí o.fl. Er vænst, að þær verði aðgengilegar við athuganir á samrekstri og margvíslegar vatnafræðilega útreikninga.

Rvík. 18. febr. '61

Sigurjon Rish